

# FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

1. árg. 1. tbl. des. 92.

Ágætu félagar

Þá hefur göngu sína fréttabréf félagsmanna sem heitir því frumlega nafni: "Fréttabréf safnmanna".

Ritstjórnarstefna þessa nýja rits er að esla félagsanda með safnmönnum og gefa stjórn félagsins kost á að senda út ýmsar tilkynningar. Andi þessa blaðs á fyrst og fremst að vera léttur og lipur, okkur öllum til upplýtingar, auk fróðleiks sem félagsmenn vilja deila með hver öðrum.

Við auglýsum nú eftir efni í næsta blað, sem kemur út þegar efnast hefur nægjanlega eða af öðrum knýjandi ástæðum. Við viljum biðja félagsmenn að senda okkur fréttir, skriflega eða munnlega. Þær geta verið persónulegar, faglegar, ferðasögur, afrekssögur, skemmtisögur, lygisögur og gamanvísur eða kvæði, allt er þegið með þökkum. Við munum reyna að koma öllu efni út, þótt vera kunní að grípa þurfi til niðurskurðar hér sem annars staðar í þjóðfélaginu.

Fyrsta tölublaðið kemst í hendur félagsmanna í jólamánuðinum, og viljum við senda öllum félagsmönnum jólakveðjur og ósk um farsælt nýtt ár.

Í þessu fyrsta tölublaði birtast lög félagsins, grein um þjóðfræðasöfnun, fréttir úr Skagafirði, frá farskóla safnmanna, fundargerð frá fundi með þjóðminjaverði varðandi endurskoðun þjóðminjalaga, tregavísur og fleira. Með blaðinu fylgir félagatal.

SÁJ

## LÖG FÉLAGS ÍSLENSKRA SAFNMANNA

1.

Félagið heitir Félag íslenskra safnmanna. Lögheimili þess er í Reykjavík.

2.

Félagar geta þeir orðið, sem lokið hafa námi í greinum, sem nýtast í starfsemi lista-, minja- og náttúrufræðisafna. Ennfremur þeir, sem vinna í faglegu starfi við slík söfn. Inntaka nýrra félaga er háð samþykkt félagsfundar.

3.

Tilgangur félagsins er:

a) að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál og ýmsan vanda þeim tengdan, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis,

b) að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskilda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.

*Þessum markmiðum má ná með útgáfustarfsemi, fundahöldum, fyrirlestrum og ferðalögum.*

4.

Aðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með minnst hálfsmánaðar fyrirvara. Þá er aðalfundur lögmaður, ef hann er löglega boðaður.

5.

Á aðalfundi skal stjórnin skýra frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggja fram endurskoðaða reikninga og eignaskrá þess til 6.

Aðalfundur kys þriggja manna stjórn, formann, ritara og gjaldkera, tvo varamenn og tvo endurskoðendur. Kosning skal fara skriflega fram sé þess óskað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. athugunar og samþykktar.

7.

Stjórninni er skylt að boða til almenns fundar, ef 5 eða fleiri félagsmenn æskja þess. Almennan fund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Almennur fundur er lögmaður, ef hann er löglega boðaður.

8.

Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert og annast gjaldkeri innheimtu þess eftir félagaskrá, sem ritari heldur.

9.

Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi, enda sé tekið fram að lagabreytingar séu á dagskrá dög þær kynntar í fundarboði.

- O -

*Í stjórn félagsins sitja:*

Hallgerður Gísladóttir, formaður,

Þóra Kristjánsdóttir, ritari,

Hafðís Halldórsdóttir, gjaldkeri.

Varamenn eru:

Sigríður Sigurðardóttir og Sigurður Bergsteinsson.

*Í farskólanefnd eru:*

Ólafur Axelsson, Nikulás Úlfar Mátsson, Inga Lára Baldvinsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

## ÞJÓÐMINJAPING Í FEBRÚAR 1993

Í sumar sem leið samþykkti þjóðminjaráð tillögu mfna um að efnt skyldi til þjóðminjapings, sem ég kalla svo, til að ræða um málefni Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörslu í landinu almennt og íslenska menningu á umbrotatímum.

Upphaflega hafði ég í huga að þingið yrði haldið nú í haust, en síðan var afráðið að til þess skildi efnt í tengslum við 130 ára afmæli Þjóðminjasafnins 23. febrúar á næsta ári. Verður þingið haldið í safninu föstudaginn 26. og laugardaginn 27. febrúar 1992. Dagskráin er ekki endanlega mótuð, en gera má ráð fyrir því að flutt verði erindi um minjavernd, fornleifarannsóknir og ný verkefni á sviði húsaverndunar. Um efni erindanna verða síðan almennar umræður. Þá verða kynntir þættir úr starfi Þjóðminjasafnsins og ef til vill einhverra byggðasafna.

Þjóðminjaping verður opið jafnt fræðimönnum og safnafólki sem öðrum áhugamönnum um Íslenskar þjóðminjar. Þó er við það miðað að menn skrái sig til þátttöku með góðum fyrirvara.

Hugmyndin er sú, að þjóðminjaping verði reglulegur viðburður í starfi Þjóðminjasafns Íslands og minjavörslu í landinu. Ekki virðist óraunsætt að stefna að því að þjóðminjaping verði haldið á tveggja ára fresti og að á milli þinga starfi nefndir og starfshópar sem fjalli um ýmsa þætti minjavörslunnar. Þegar fram líða stundir má vera að þjóðminjaping öðlist ekki lægri sess og stöðu en til að mynda náttúruverndarþing. Það er hins vegar undir okkur, sem að minjavörslu störfum, komið.

Í byrjun næsta árs verður frekari upplýsingum um 1. þjóðminjaping komið á framfæri.

Þjóðminjasafn Íslands, 8. desember 1992.

Guðmundur Magnússon  
þjóðminjavörður

## FARSKÓLI SAFNMANNA

Farskóli safnmanna hefur nú verið starfræktur í fjögur ár. Hugmyndin að eins konar endurmenntunarnámskeiði safnmanna hafði verið lengi að gerjast. Í öðrum löndum er slíkt starfsemi gjarnan í höndum opinberra aðila, t.d. háskóla eða undir stjórn þjóðminjavörslunnar - en því er ekki til að dreifa hér á landi. Félagið hafði staðið fyrir nokkrum kynningarfundum og -ferðum og verið með í að skipuleggja fræðslunámskeið, t.d. í torfhleðslu og tölvuskráningu, en menn vildu koma meiri festu í starfseminu. Óskirnar voru:

- 1) að finna þann tíma á árinu, sem hentugast væri fyrir safnmenn að koma saman,
- 2) að skipuleggja fróðlega og fýsilega dagskrá sem nýttist safnmönnum í starfi,
- 3) að halda námskeiðin á mismunandi stöðum, og gefa þannig þáttakendum tækifæri á að kynnast vel söfnum og staðhátum víðs vegar um landið,
- 4) að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem flestir sæju sér fært að sækja fundina,
- 5) að nýta tímann einnig til þess að efla kynni starfsmanna safna um allt land.

Fyrsti farskólinn var svo haldinn að Skógum undir Eyjafjöllum helgina 14. og 15. október 1989. Hann var haldinn á vegum Félags Íslenskra safnmanna og Íslandsdeildar ICOM (alþjóðasamtök safnmanna) í samvinnu við Skógaskóla og Endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands. Menntamálaráðuneytið veitti farskólanum styrk. Dagskráin var mjög fjölbreytt og metnaðarfull. Haldnir voru fyrirlestrar og verklegar æfingar um a) fornleifafræði og fornleifaskráningu; ljósmyndun fornleifa og bygginga, b) söfnun - hverju er verið að safna og hverju ætti helst að safna? c) safnakennslu, d) skráningu safngripa, e) forvörslu safngripa. Um 50 manns sóttu námsstefnuna og þótti hún takast mjög vel.

Næst var haldið að Húnavöllum og farskólinn skipulagður í samvinnu við starfsmenn Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi. Í stað þess að fjalla um margvíslega þætti þjóðminjavörslunnar, þótti nú rétt að einbeita sér að einum, þ.e. safnkennslu og gerð safnkennsluverkefna. Unnin voru verkefni, t.d. um torfbæinn, verferðir, þéttbýlismyndun, tóvinnu, leiki o.fl. undir leiðsögn þeirra sem mesta reynslu og þekkingu hafa á þeim málum. Einnig voru skipulagðar hópferðir um næsta nágrenni og norður í Skagafjörð, þar sem m.a. var komið heim að Hólum. Námsstefnan var haldin síðustu helgina í september 1990 og þótti takast með miklum ágætum.

Í fyrra var farskólinn haldinn á Vesturlandi, bæði í Stykkishólmi og að Laugum í Dölum. Megináherslan var á starfsemi og tilgang byggðasafna, svo og safnamál á breiðum grundvelli. Hægt var að tengja skólahaldið fundi Þjóðminjaráðs og heimamanna, sem haldinn var að Laugum, og gaf það tilefni til margvíslegra umræðna og skoðanaskipta. Sú nýbreytni var tekin upp að þessu sinni að halda farskólann á virkum dögum, þ.e. frá fimmtudegi til laugardags til að leggja áherslu á að það sem þar færi fram væri hluti af vinnu safnmanna. Þar kynntust menn safninu í Norska húsinu í Stykkishólmi, sem rekið er af yngsta safnstjóranum í félaginu, svo og safninu að Laugum, þar sem Magnús Gestsson, aldursforsetinn, ræður ríkjum. Þá var ekið um sögustaði á Snæfellsnesi og í Dölum. Ekki tókst að koma farskólanum að fyrr en um miðjan október í fyrra, og þó að hann hafi tekist mjög vel, þótti tímasetningin ekki til eftirbreytni því allra veðra er von svo seint.

Í ár var stefnan tekin á Ísafjörð. Skipuð var sérstök farskólanefnd til þess að starfa með heimamönnum, og var ákveðið að taka varðveislu gamalla bygginga, endurgerð og notkun friðaðara húsa á dagskrá. - Eftir gildistöku Þjóðminjalaga frá 1990 hefur þáttur húsverndar aukist mjög í starfi safnmanna um allt land. Þótti þetta því nauðsynlegt og verðugt verkefni, enda fáir ef nokkrir staðir á landinu betur til þess fallnir að kynna mönnum sögu og þróun Íslenskrar

húsagerðar. Húsafriðunarnefnd, húsverndardeild Þjóðminjasafns Íslands og heimamenn sáu um fræðsludagskrána. Tíminn sem fyrir valinu varð var frá miðvikudegi til laugardags 19. til 22. ágúst. Þessi tími mæltist illa fyrir hjá landsbyggðarmönnum, sem margir hverjir eru bundnir yfir söfnum sínum til ágústloka, en samt sóttu farskólann í ár um 40 manns. Miðstöð farskólans var í Sjóminjasafninu í Neðstakaupstað, og var svo farið í skoðunarferðir út í Ósvör við Bolungarvík og siglt út í Vigur, en hætta varð við siglingu út í Æðey vegna ofsaveðurs. Þó var ágústmánuður valinn m.a. vegna vonar um gott ferðaveður um Djúpið. Þetta sýnir okkur hve erfitt er að skipuleggja farskólann þannig að öllum líki, einnig veðurguðunum!

Eins og sjá má af framanskráðu er farskólinn enn í mótun, og alltaf má þar lagfæra, endurskoða og bæta. Í byrjun var haft samráð við endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands, en sú samvinna hefur dottið niður af ýmsum ástæðum. Einnig hefur Íslandsdeild ICOM hætt afskiptum sínum af skólanum, hvað sem síðar kann að verða. Skólinn hefur því alfarið verið á ábyrgð stjórnar safnmannafélagsins, og í fyrra sérstakrar farskólanefndar. Menntamálaráðuneytið hefur veitt árlegan styrk til skólans, nú síðast kr. 75.000.

Á framhaldsaðalfundi félagsins nýverið var ákveðið að næsti farskóli verði haldinn í Skagafirði að ári um efnið: Bygðasöfn sérhæfing/verkaskipting. Skipuð var farskólanefnd undir forystu Sigríðar Sigurðardóttur safnstjóra í Glaumbæ. Með henni í nefndinni eru Inga Lára Baldvinsdóttir, Ólafur Axelsson og Nikulás Úlfar Mátsson. Tekin hefur verið frá gístiaðstaða á Löngumýri í Skagafirði í byrjun september. Vænst er góðrar og virkrar þáttöku safnmanna og eru menn sérstaklega beðnir að huga að því hvort þeir eigi ekki eitthvað í pokahorninu sem kunnir að henta þessari samkomu. Allar ábendingar um efni og tilhögun eru vel þegnar.

ÞK

## ÞJÓÐFRÆÐASÖFNUN

Síðan um 1960 hefur Þjóðminjasafn Íslands leitað til eldra fólks um fróðleik varðandi gamla lífshætti. Vænt safn af handritum (um 10500 númer), aðallega svör við spurningaskráum um aðskiljanlega lífshætti í eldri tíð, er nú geymt á skjalasafni þjóðháttaeildar. Á hverju ári eru sendar út tvær til þrjár nýjar skrár.

Heimildarmannasafn deildarinnar þarf að vera í stöðugri endurnýjun, því flestir eru komnir um eða yfir sjötugt þegar þeir byrja að sinna þessum skrifum. Því hefur þjóðháttaeild alltaf öðru hverju samband við sóknarnefndir, sveitarstjórnir, stéttarfélag, kvenfélag eða áttthagafélag til að leita ábendinga um heimildarmenn. Byggðarlög eru afar misjafnlega kynnt í safninu. Á sýsluskrá, þar sem sjá má aðföng úr hverri sýslu fyrir sig eru t.d. í augnablikinu 162 númer úr V-Húnavatnssýslu, 517 úr N-Ísafjarðarsýslu og 1300 úr Árnassýslu. Þvílíkur munur skýrist ekki eingöngu af ólíkum fólksfjölda eða áherslum þjóðháttaeildar. Fólk virðist misjafnlega áhugasamt eftir héröðum og sama er að segja um þjóðlönd. Söfnun af þessu tagi er stunduð í öllum nágrannalöndum okkar og á fundum fólks sem að slíku vinnur hefur komið í ljós að hér á landi er svörunin langtum mest - að sjálfsögðu miðað við þá frægu höfðatölu.

Þessar hugleiðingar eru hér á blað settar vegna þess að gott væri að fá meiri stuðning við söfnun alþýðufróðleiks á landsbyggðinni. Safnafólk úti um land gæti vísast ýtt undir áhuga á slíkri heimildaöflun í sinni heimabyggð, bæði með því að vera vakandi fyrir eldra fólki sem kynni að vilja skrifa um gamla tímann og eins styðja viðleitni þeirra sem þegar fást við þetta. Oft vaknar áhugi af þessu tagi í tengslum við byggðasöguritun, eða jafnvel ættarmót. Flestir hafa gaman af sögum sem haldið er til haga um heimabyggð þeirra eða ættir og ég hef séð fólki líða eins og það hafi fundið gullnámu við að uppgötva að það sem nýdáin amma hafði verið að



dúttla fyrir þjóðhátadeildina um árabíl var áttthagafróðleikur sem nægt hefði í tveggja binda ritverk (það er annars magnað hvað eldri kynslóðin í þessu landi er vel ritfær). Algengara er þó að heyra um eftirsjá vegna þess að slíkt er um seinan. Í minni sveit var t.d. virkur sveitardraugur þegar ég var að alast upp en það var ekki fyrr en Árni Björnsson fór að safna til Vættatals að það rann upp fyrir mér að aldrei hafði komist orð um þennan draug á bók. Má þá ímynda sér að töluvert hafi farið forgörðum.

Litist nú hver um í sinni sveit, er áreiðanlega margt sem kemur strax upp í hugann - sögur af köllum og kellingum, alþýðuskáldskapur, atvinnuhættir eða félagslíf sem sérkennir byggðina o.s.frv. Það komast oft önnur blæbrigði til skila þegar leitað er til fólks með ákveðnar spurningar um daglega lífið, en þegar menn skrifa greinar eða ævisögur og velja sjálfir það sem er viðurkennt að sé "frásagnarvert".

Sumt eldra fólk hefur litla heilsu til skrifta þó að það hafi frá mörgu að segja. Það þarf oft hjálp til að koma sínu á blað eða band. Satt að segja hefur stundum hvarflað að mér hvort slíka aðstoð ætti ekki beinlínis að setja á starfssvið þeirra sem sveitarstjórnir ráða í heimilishjálp hjá öldruðum. Þá er atvinnuleysi töluvert um þessar mundir og margir hafa betri tíma en ella. Því getur í besta falli fylgt meiri þáttaka í menningarstarfi, og söfnun á þjóðfræðiefni úr áttthögunum, ekki síst á persónulegum grunni, gæti vel verið áhugavekjandi, ef upp á því væri bryddað.

Spurningarskrár þjóðhátadeildar, nú 81 talsins, fjalla um margvísleg efni - vinnubrögð til sjávar og sveita, drauma, veðurspár, uppvaxtarár, svo eitthvað sé nefnt. Starfsmenn þjóðhátadeildar eru tilbúnir að semja nýjar í samvinnu við fólk sem er að athuga ákveðin efni, hafa reyndar gert töluvert af því. Nýjasta dæmið er spurningablað um greiðasölu í sveitum í gamla daga sem fór út með haustspurningaskránni -skrá 80 um garðrækt og grænmeti- og var

gerð í samvinnu við nemanda í H.Í. sem er að skrifa lokaritgerð um þetta efni. Með því móti græða báðir aðilar, sá sem að rannsókninni stendur útvegar gjarnan nýja heimildarmenn og úrvinnsla efnisins er tryggð eftir að það kemur inn til Þjóðháttadeildar. Þeir sem vilja geta fengið sent yfirlit um spurningaskrár Þjóðháttadeildar og síðan einstakar skrár eftir því sem þeim líst. Síminn á Þjóðminjasafni Íslands er 91-28888 og starfsmenn deildarinnar eru Árni Björnsson og Hallgerður Gísladóttir.

HG

## FRÉTTIR ÚR SKAGAFIRÐI

Síðastliðið sumar fækkaði gestum Byggðasafnsins í 16000. Það bætti hins vegar vel upp töluna frá í fyrra að um 3000 manns heimsóttu pakkhúsið á Hofssósi þar sem safnið er með sýningu á munum tengdum Drangeyjarútvegi - þ.e. aðallega fuglaveiðum á fleka og sigi. Pakkhúsið hefur mikið aðdráttarafl og er almenn ánægja a.m.k. innan héraðs með hvernig tókst að gera við það í einum áfanga.

Nú er búið að ganga frá Áshúsinu að utan og lóðin var mótuð í það form sem hún á að vera. Einnig var sett við safnið nýtt bílastæði svo að nú ganga gestir þess niður að húsinu að sunnanverðu og upp á bæjarhlaðið og koma þá framan að bænum en ekki aftan að honum eins og áður var.

Í kreppuástandi dagsins í dag eru menn daufir í dálkinn og eiga von á enn færri gestum næsta ár, en farskóli safnmanna á að vera í Skagafirði næsta ár og það er tilhlökkunarefni. Ég vona að þið getið komið sem flest, það er margt að athuga og sjá.

Með bestu kveðjum  
Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri

ÚTGÁFUTÍÐINDI

# DAGAMUNUR




*gerður*  
ÁRNA BJÖRNSSYNI  
*sextugum*  
*16. janúar 1992*

MENNINGAR- OG MINNINGARSJÓÐUR METTE MAGNUSSEN  
REYKJAVÍK 1992

Út er komið afmælisrit eins af okkar mætustu safnmönnum, Árna Björnssonar, en hann varð sextugur á árinu. Rit þetta ber nafnið *DAGAMUNUR*, *gerður Árna Björnssyni sextugum 16. janúar 1992*. Það er pappírskilja af léttara taginu, samstarfsmenn og vinir Árna skrifa í það 20 stuttar (og jafnvel gáskafullar) fræðigreinar honum til heiðurs. Þeir sem vilja eignast ritið geta keypt það hjá Gísla Sigurðssyni, Árnastofnun (sími 91-25540) eða Hallgerði Gísladóttur Þjóðminjasafni (sími 91-28888). Ritið kostar kr. 700.

# Söguspegill

Afmælisrit  
Árbæjarsafns



Rit Árbæjarsafns

Nýkomnar eru eftirtaldar bækur á vegum Árbæjarsafns í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag.

### SÖGUSPEGILL

afmælisrit Árbæjarsafns.

Í bókinni eru 25 greinar eftir 22 höfunda um Árbæjarsafn, fjölpætta starfsemi þess í 35 ár og ómetanlega fjársjóði sem það geymir, muni og hús. Höfundar eru: Vigdís Finnbogadóttir, Markús Örn Antonsson, Þór Magnússon, Steinunn Bjarman, Hafliði Jónsson, Hörður Ágústsson, Skúli Helgason Hörður Gunnarson, Þorsteinn Gunnarsson, Ingvar Axelsson, Ragnheiður Þórarinsdóttir, Helga Bragadóttir, Anna Kristjánsdóttir, Þóra Elfa Björnsdóttir, Hjörleifur Stefánsson, Anna Þóra Paulsdóttir, Lýður Björnsson, Margrét Guðmundsdóttir og starfsmenn safnsins. Myndir eru um 170 talsins. 294 blaðsður.

### FRUMLEG HREINSKILNI.

Þórbergur Þórðarson og menningin á mölinni í byrjun aldar eftir Helga M. Sigurðsson.

Þetta er skemmtilegt og léttskrifandi rit um þann mikla meistara íslenskra nútímabókmennta, Þórberg Þórðarson. Fyrst og fremst er dvalið við tímabilið frá árinu 1912 þar til meistaraverk hans, *Bréf til Láru*, birtist á prenti 1924. Þetta voru mikil mótnar- og umbrotaár hjá Þórbergi og í mörgu tilliti frjóasta tímabilið á æviskeiði hans. Bókin er samantekt margra ára rannsókna Helga M. Sigurðssonar, sagn- og bókmenntafræðings og því stórfróðleg fyrir alla Þórbergslesendur. Árin 1986 og 1987 ritstýrði Helgi útgáfu á áður óbirtum ritsmíðum Þórbergs í tveimur bindum og vöktu þær verðskuldaða athygli. 117 blaðsður.

## ÁRBÓK HINS ÍSLENSKA FORNLEIFAFÉLAGS

Hið íslenska fornleifafélag er eitt hinna elstu fræðafélaga landsins. Það var stofnað 1879 og kom árbók þess fyrst út 1881.

Árbókin hefur komið út frá þeim tíma og eru fá íslensk tímarit svo gömul sem enn koma út. Í Árbókinni hafa birst greinar um fornleifafræði, um ornefni og staðfræði, einnig um listiðnað og þjóðhætti, verkfæri og vinnubrögð.

Flestir félagar í Félagi Íslenskra safnamanna eru eflaust einnig félagar í Hinu Íslenska fornleifafélagi og þar með áskrifendur að árbók þess. Einnig birta margir þeirra oft greinar og ritgerðir um fræðasvið sín í Árbókinni. Þeir safnamenn sem ekki eru í Fornleifafélaginu, en í það vilja ganga og fá Árbók þess eftirleiddis, geta haft samband við skrifstofu Þjóðminjasafnsins eða við Mjöll Snæsdóttur, féhirði félagsins. Ef safnamenn vantar eldri árbækur handa sér sjálfum eða söfnum sínum, er hægt að fá þær frá 1955. Árbækur 1880-1922 voru ljósprentaðar og gefnar út af Bókaútgáfunni Þjóðsögu fyrir nokkru og munu þær enn fást þar. Þá mega safnamenn einnig hugsa til þess, ef þeir eiga hjá sér góðar greinar um þau efni sem Árbókin tekur til er hún virðulegur vettvangur að birta slíkt á. Áskrifendur hennar eru á sjötta hundruð og einnig er hún send í skiptum nær tvö hundruð söfnum og fræðastofnunum erlendis.

MS

## FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í Félagi Íslenskra safnamanna þriðjudaginn 3. nóvember 1992 um endurskoðun þjóðminjalaga nr. 89 frá 1989. Guðmundur Magnússon sem vinnur að því að gera tillögur til Menntamálaráðuneytisins um endurskoðun var frammælandi. Fundurinn var haldinn í kaffistofu Þjóðminjasafns Íslands kl 17.00. 24 voru mættir. Fram hafa komið óskir um að fundargerðin yrði send út þannig að félagar sem ekki áttu þess kost að sækja fundinn gætu fylgst með þessum umræðum og fer hún hér á eftir:

Guðmundur Magnússon sagði að vankantar hefðu komið í ljós á lögnum sem tóku gildi í ársbyrjun 1990 og samstaða væri um að þau þyrftu endurskoðunar við. Reglugerð hefði síðan verið sett þá ár og hefði það verið of geyst í sakirnar farið enda væri hún sumstaðar í mótsögn við lögin. Guðmundur greindi síðan frá ákveðnum atriðum í lögnum sem hann hafði staldrað við en sagði að nákvæmar tillögur í þessu efni fengi ráðherra fyrstur að sjá:

2. grein. Guðmundur taldi að þarna þyrfti að kveða skýrar á um mörk milli verksviðs þjóðminjaráðs og embættismanna minjavörslunnar og taka mið af stjórnnum annarra svipaðra stofnana. Varðandi þjóðminjaráð væri spurning hvort rétt væri í það skipað. Er t.d. rétt að starfsmenn sitji í ráðinu? Hvers vegna eru kennarasamtökin með fulltrúa þarna en ekki t.d. sveitarstjórnir? Menn þyrftu að gera það upp við sig hvers konar fyrirbæri þjóðminjaráð ætti að vera.

3. grein um fornleifanefnd: Guðmundur taldi að fornleifanefnd flækti stjórnsýslu minjavörslunnar í heild. Fornleifavarslan ætti annaðhvort að vera sjálfstæð stofnun eða undir þjóðminjaráði, þó að vel geti verið gott að hafa faglega nefnd til að vera ráðgefandi um fornleifarannsóknir.

4. grein um minjaverði og fornleifaverði. G. taldi að þarna væru umdeild ákvæði. Hvar eiga minjaverðir að vera? Hvað eiga fornleifaverðir að gera? Taldi hann hættu á að upp kæmi hrepparfigur um hvar setja ætti niður minjaverði.

5. grein um deildaskiptingu í Þjóðminjasafni. Umdeilanlegt að kveða á um deildaskiptingu á stofnun í lögum, það gæti stuðlað að deildarmúrum. E.t.v. ætti yfirstjórn stofnunarinnar að ráða deildaskiptingu.

9. grein. Skattaafsláttur vegna gjafa og fjárframlaga til Þjóðminjasafnsins er óverulegur. Mætti breyta þessu þannig að um væri að ræða afslátt sem skipti máli.

10. grein. E.t.v. nóg að þjóðminjaráð samþykki lán á safngripum til útlanda þannig að það þurfi ekki að fara fyrir ráðherra.

12. grein um minjaráð. Þar er kveðið á um að minjaráð skuli vera skipað úr stjórnnum viðurkenndra byggðasafna á svæðinu. G. spyr hvort ekki sé betra að forstöðumenn byggðasafna sitji í minjaráðum.

17. gr. Þar er talað um að fornleifaskráning fari fram á skipulagskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Þarf að gera ráð fyrir því hvernig á að fjármagna hana.

18. gr. Ónákvæmt hvernig framkvæmdaaðili á að bera kostnað af fornleifarannsóknnum á svæði þar sem meiri háttar framkvæmdir fara fram og hætta er á að spillt verði fornleifum.

22. gr um fornleifanefnd. Athuga þarf verksvið fornleifanefndar. Er réttlætanlegt að hafa fimm manna nefnd til að stjórna einum manni sem er í nefndinni, eða ætti t.d. fremur að hafa þriggja manna fagráð til að fjalla um álitamál.



24. gr. um leyfisveitingu til að nota tækjabúnað við leit að fornleifum í jörðu. Ætti ekki fornleifadeild eða fornleifanefnd að veita sílk leyfi fremur en þjóðminjavörður?

27. gr. um greiðslur til þeirra sem finna forngripi. Á að greiða þeim sem sækja forngripi í heimildarleysi, t.d. á hafsbotna?

35 gr. um húsafríðunarnefnd. Á hún að vera stjórnarnefnd húsverndardeildar eða fagnefnd. Hverja á að skipa í hana? Á t.d. kirkjan að hafa fulltrúa?

46 gr. Þar er talað um að varsla og reikningshald húsafríðunarssjóðs skuli falin ríkisbanka. Verða þeir til í framtíðinni?

49. gr. Þar stendur að útgjöld vegna starfsemi húsafríðunarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Aldrei hefur verið veitt nægjanlegu fé til þessa þannig að þessi útgjöld hafa verið greidd úr Húsafríðunarsjóði og G. sagði það vilja ríkisstjórnarinnar að svo yrði áfram.

Guðmundur sagði að lokum að hann hefði búið við að skila fyrr tillögum um endurskoðun en hann væri feginn því að hafa beðið. Ýmislegt hefði skýrst fyrir honum upp á síðkastið, t.d. skoðanamunurinn um stjórn húsverndar- og fornleifamála.

Eftir framsögu Guðmundar voru umræður:

Árni Björnsson rifjaði upp að vankantar á þjóðminjalögunum skýrðust að einhverju leyti af því að þegar nefnd, sem tveir menntamálaráðherrar höfðu skipað til að vinna að málinu, lagði fram frumvarp til þjóðminjalaga kom fram nýtt frumvarp, sem brætt var saman við hið fyrra til málamiðlunar, þannig að úr varð hálfgerður bastardur. Taldi Árni viturlegra að ganga út frá upphaflega frumvarpinu þegar lögin væru endurskoðuð. Á því væru minni hnókrar en á lögunum, þar væru t.d. ekki hin umdeilda fornleifanefnd eða fornleifaverðir.

Lilja Árnadóttir lýsti því yfir að sér þætti slæmt og afturför að fara þá leið að lögfesta að kostnaður við húsafriðunarnefnd yrði greiddur úr Húsafriðunarsjóði. Menn hefðu frá upphafi hugsað sér að ríkissjóður greiddi hann.

Þór Magnússon: Á sínum tíma fór menntamálanefnd fram á að umræddum frumvörpum yrði steyppt saman. Menn voru bjartsýnir á fjárveitingar til minjavörslu og lítið var talað um að erfitt yrði að fá peninga í allar þær nýju stöður sem þar eru en ekki hafa fengist peningar til að ráða í. Þór kvaðst hafa frá upphafi átt tvær óskir í sambandi við Þjóðminjalögin, þ.e. að fá safnstjóra og stjórnarnefnd yfir Þjóðminjasafnið. Taldi Þór verra að hafa óvirk lög en engin og jafnframt að þau mættu ekki vera of niðurnjörvandi fyrir embættismenn, þau ættu að vera rammi. Lagði til að Guðmundur flýtti sér ekki um of við endurskoðunina því að mörgu þyrfti að huga og gott væri að fá reynslu á þau eins og þau væru.

Guðmundur Magnússon kvaðst vera sammála Þór um að lögin ættu að vera rúm. Samþykki löggjafarvaldsins er eitt, annað er framkvæmdin. Í Þjóðminjalögunum er gert ráð fyrir um 30 nýjum starfsmönnum í minjavörsluna. Sömu menn og unnu að þessum lögum sitja nú á aurunum. Guðmundur taldi mikilvægt að lögfróðir menn færu vel yfir lagatexta áður en hann er lagður fram.

Hrefna Róbertsdóttir benti á að í 36. grein segir að eigendum húsa sem reist eru fyrir árið 1900 beri að tilkynna húsafriðunarnefnd og minjavörðum ef þeir hyggist breyta húsi sínu. Samskipti húsafriðunarnefndar og minjavarða eru ekki nánar skýrð þarna og Hrefna taldi þetta óljóst.

Sigríður Sigurðardóttir kvaðst efast um réttmæti þess að lögfesta með ártölum friðanir húsa eins og nú er gert í 36 gr. laganna. Jafnframt benti hún á að minjaráð, skipuð fulltrúum úr

byggðasafnastjórnnum eins og þau eru í 12. gr., gætu valdið vandræðum þar sem þær eru oft óvirkar. Minjaráð ættu fremur að vera skipuð safnstjórum af viðkomandi svæði. Staðsetningu minjavarðar taldi hún geta orðið viðkvæmt mál úti á landi. Hún áleit að í hverju kjördæmi ætti að vera nokkurs konar safnastofnun þar sem minjavörðurinn starfaði. Réttast væri jafnvel að setja minjaverði niður á söfnum sem eru tiltölulega óvirk og hafa ekki fastan starfsmann, það myndi rífa þau upp.

Hildur Hákonardóttir gerði einsemd safnstjóra úti á landi að umtalsefni. Taldi að samráð safnstjóra undir forystu minjavarða eins og Sigríður lagði til mjög til bóta. Minjaráð, skipuð eins og nú er kveðið á um í lögnum gætu verið tvístrandi.

Guðmundur Magnússon kvaðst að vera hallur undir hugmynd um safnastofnanir á svipuðum nótum og á Austurlandi.

Lilja Árnadóttir: Minjavörður á að geta stýrt starfi á litlum söfnunum á landsbyggðinni þar eð ólíklegt er að unnt verði að manna þau.

Hildur Hákonardóttir lagði áherslu á að safnmenn úti í héraðunum séu nálægt hver öðrum eða hafi nána samvinnu. Tveir vinni betur saman en sitt í hvoru lagi.

Guðmundur Ólafsson taldi skynsamlegra við núverandi aðstæður að ráða fornleifafræðinga að fornleifadeild þjóðminjasafnsins, sem hefur aðeins einn starfsmann, heldur en að setja niður einn og einn fornleifavörð hér og þar um landið. Hann lýsti því yfir að hann væri sammála G.M. í mörgu og teldi ofstjórnun einn helsta galla á núverandi þjóðminjalögnum. A.m.k. á sviði fornleifavörslunnar hafi dregið mátt úr allri starfsemi vegna þessarar ofstjórnunar.

Guðmundur Magnússon auglýsti eftir einhverjum sem vildi verja fornleifaverðina og spurði hvort þeir gætu ekki hugsanlega glætt áhuga á fornleifarannsóknum og gert sveitarfélög viljugri til að leggja fé í þær.

Sigrður Sigurðardóttir sagðist svo sem ekkert hafa á móti fornleifavörðum en það væri ódýrara og árangursríkara að efla fornleifadeildina. Elsa lýsti sig sammála þessu svo og Kristín Sigurðardóttir, sem sagði að þau sem hefðu verið í fornleifarannsóknum hér í Reykjavík væru von að fara þangað sem þyrfti að grafa.

Þóra Kristjánsdóttir: Fornleifarannsóknir úti á landi eru yfirleitt árstíðabundin vinna þannig að sk. fornleifaverðir gætu vel haft aðsetur sitt í Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson sagði engan hafa á móti fornleifavörðum en ef lítið væri raunsætt á málin þá hefðu þessi lög sérstaklega átt að efla fornleifarannsóknir en frekar virkað á hinn veginn og þar hefði ekki komið ein einasta ný staða. Fornleifafræði er hópvinna í eðli sínu og betra að hafa hóp fornleifafræðinga sem getur tekið að sér verk þar og hér heldur en einn og einn á stangli. G. telur það grundvallarvitleysu að búa til stórar stjórnarnefndir en hafa ekkert fólk til að vinna verkin eins og gerst hafi á fornleifasviðinu þar sem 5 manna stjórnarnefnd stjórn einum manni. Sigurður Bergsteinsson lýsti því yfir að hann væri sammála Guðmundi.

Lilja Árnadóttir taldi mestar líkur á að minjaverðir, þegar þeir kæmu, gætu gegnt hlutverki fornleifavörða, þ.e. að sinna fornleifum í sínu umdæmi. Hún áréttaði að hún teldi nauðsynlegt að hafa stjórnarnefnd yfir minjavörslunni.

Guðmundur Ólafsson var sammála því að stjórnarnefnd eigi að vera yfir Þjóðminjasafni en spurning væri hverjir ættu að sitja þar. Er t.d.

eðlilegt að forstöðumaður jafn skyldrar stofnunar og Þjóðskjalasafn er Þjóðminjasafni sé í forstöðu fyrir stjórnarnefnd Þjóðminjasafns.

Þórður Tómasson taldi ekki óeðlilegt að stór söfn úti á landi hefðu fornleifafræðinga í vinnu. Bændur væru t.d. oft að róta í gömlum rústum sem þyrfti að fylgjast vel með.

Elsa Guðjónsson taldi að komandi minjaverðir yrðu vafalítið líka menntaðir í fornleifafræði. Taldi að það þyrfti að afmarka starfsvið þjóðminjaráðs. Var sammála Guðmundi Ólafssyni um að það orkaði tvímælis að hafa menn í ráðinu sem væru yfirmenn skyldra stofnana.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir sagði að upphaflega hugsunin varðandi minjaverði væri að þeir sinntu fornleifum sem öðrum minjum í sínu umdæmi. Taldi forgangsverkefni að fá minjaverði og styrkja fornleifadeildina. Hins vegar væri spurning hvort ætti að slá af í lögnum fyrst þeir væru komnir þar inn. Menn þyrftu líka að hafa lang tímamarkmið.

Kristín Sigurðardóttir lagði áherslu á að byggja þyrfti upp fornleifadeildina og að fornleifafræði væri fyrst og fremst hópvinna.

Þór Magnússon kvaðst vera sammála því að fornleifafræði væri fyrst og fremst hópvinna. Sagði hann að það þyrfti að halda í við fjölda safnanna. Efla miðsöfn sem síðan gætu haft smáútibú. Miðsöfn ættu að fá minjaverði og safnstjóra. Minjaráðin ættu að vera skipuð safnstjórum því að byggðasafnsnefndir væru oft dauðar.

Árni Björnsson: Í endurskoðuðum lögum komi fram skýrt afmarkað hvert sé valdsvið og svigrúm ráða og embættismanna, þjóðminjavarðar, fornminjavarðar og safnstjóra í Þjóðminjasafni og annars staðar.

Þóra Kristjánsdóttir talaði um einangrun safnmanna úti á landi. Veit af mönnum einum í húsum úti um allt land. Telur innansveitarmál hvort söfnin ráði sér fornleifafræðinga eða ekki.

Elsa Guðjónsson telur nauðsynlegt að festa aðaldeildir Þjóðminjasafns í lögum svo að ekki sé verið að rugla með þær.

Þórði Tómassyni fannst að minjaráð ættu að vera skipuð safnstjórum en tekur samt fram, vegna ummæla um dauðar byggðasafnsnefndir, að hann hafi góða reynslu af sinni nefnd.

Varðandi samsetningu Þjóðminjaráðs telur Lilja Árnadóttir að það hafi átt að tryggja fagmennsku hvernig skipað var í Þjóðminjaráð á sínum tíma. Annað sé hvort viðkomandi einstaklingar séu hæfir til að sitja í ráðum og það skipti mestu. Um það hvort Ólafur Ásgeirsson sé forstöðumaður of skyldrar stofnunar til að sitja í Þjóðminjaráði ætti að vera hægt að fá úr skorið í stjórnskipunarlögum.

Guðmundur Ólafsson: Fólkið sem velst í stjórnarnefndir skiptir miklu máli og núverandi val tókst illa til. T.d. eru tveir þættir minjavörslunnar safnasvið og fornleifasvið skv. lögnum. Þar hallast gríðarlega á hvað fjármögnun varðar. Fornleifadeild á einnig að hafa sérstaka fjárveitingu en ekki hafa stjórnarnefndirnar gert neitt til að leiðrétta þetta.

Kristín Sigurðardóttir bendir á að í 4. grein segir að minjaverðir og fornleifaverðir eigi að vera starfsmenn Þjóðminjasafns. Hvað merkir þetta? Mistök segir Kristinn Magnússon.

Elsa Guðjónsson: Afmarka þarf starf Þjóðminjavarðar og safnstjóra.

Lilja Árnadóttir velti upp þeirri spurningu hvort taka ætti það skref að skilja skýrar milli Þjóðminjasafnsins annars vegar og Þjóðminjavörslunnar hins vegar.

Guðmundur Magnússon: Hvað á að ganga langt í afmörkun?

Guðný Gerður Gunnarsdóttir varpaði fram þeirri spurningu hvort e.t.v. væri kominn tími til að taka öðruvísi skref, eða væri meiningin bara að stoppa í götin. Húsverndardeild hefði t.d. ekki sömu stöðu og fornleifadeildin. Kannske þyrfti að gera grundvallarbreytingar.

Guðmundur Magnússon sagði að ætlunin með endurskoðuninni væri fyrst og fremst að sníða agnúa af lögunum. Í þeim séu ákveðnir ávinningar og í bili standi ekki til að stokka þau upp.

Hildur Hákonardóttir lauk umræðunni með því að leggja áherslu á að nú væru breyttir tímar og við því þyrftu safnmenn að bregðast. Menn þyrftu að horfa á málin frá nýjum hliðum og svar við atvinnuleysi og kreppu gæti verið að auka menningarstarf úti í sveitunum.

HG

Fréttabréfið hefur þefað uppi tvær stökur sem orðið hafa til vegna viðburða í safnaheiminum undanfarið. Endilega sendið okkur fleiri vísur, áreiðanlega er mörg skáld að finna í vorum hópum. Vill ekki t.d. einhver taka sig til og yrkja tregaslag safnmannsins (blues). Eða fornleifafræðingsins, það hefur gengið á ýmsu hjá þeim undanfarið sem vel væri í kvæði færandi.

Ort vegna tregðu fornleifanefndar til að leyfa fornleifarannsóknir:

Fræðingar úr fylgsnum jarðar  
fróðleik drjúgum miðlað hafa  
en eftirtekjur yrðu skarðar  
ef ekki lengur fæst að grafa

Ort vegna fjölda ráða og nefnda í nýjum Þjóðminjalögum:

Safnmenn dýra dóma að  
drógu alla jafna  
en háreistum á hvern einn stað  
nú hundrað ráðum safna

---

Útgefandi: Félag íslenskra safnmanna, ritstjóri Sigrún Ásta Jónsdóttir, heimilisfang  
P.O. Box 1489, 121 Reykjavík.